

Nd.

55. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á atvinnumöguleikum á Bildudal og um aðstoð við hágstadda íbúa kaupsinsins.

Flm.: Sigurður Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram á komandi sumri athugun á því, á hvern hátt heppilegast sé að koma fótum undir atvinnurekstur á Bildudal, og gera að því loknu þær ráðstafanir, er tiltækilegastar þykja til þess að bæta úr atvinnuleysinu.

Neðri deild Alþingis ályktar enn fremur að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að íbúum á Bildudal verði, unz úr rætist um atvinnu, forðað frá yfirvofandi skorti, og að leita sér heimildar um fjárgreiðslur í því skyni.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt samkvæmt beiðni oddvitans í Suðurfjarðahreppi, í bréfi, sem hann ritar mér um þessi mál og prentað er hér sem fylgiskjal. Bréfið lýsir nóg samlega, hvernig högum almennings er komið á Bildudal, og skýrir frá rannsókn þeirri, sem hreppsnefndin og stjórn verklýðsfélagsins Vörn á Bildudal hafa gert á atvinnutekjum manna síðastl. ár.

Samhljóða tilmæli þeim, er oddviti ber hér fram fyrir hönd hreppsnefndarinnar, hefi ég og fengið frá fjölda manna í verklýðsfélaginu á staðnum.

Fylgiskjal.

Bildudal, 21. febr. 1936.

Herra alþingismaður Sigurður Einarsson, Reykjavík.

Vegna hins mikla atvinnuleysis, sem nú er hér á Bildudal og sýnilegt er, að haldast muni að minnsta kosti yfirstandandi ár, ef ekkert er að gert, leyfi ég mér hér með fyrir hönd hreppsnefndar Suðurfjarðahrepps að fela yður, hr. alþingismaður, að leggja fyrir ríkisstjórn og Alþingi, er nú er komið saman, beiðni um eftirfarandi hjargræðisráðstafanir:

1. Að þingið veiti Suðurfjarðahreppi kr. 10000.00 hallærisstyrk.
2. Að þingið feli ríkisstjórninni að láta fara fram á komandi sumri athugun, á hvern hátt heppilegast sé að koma atvinnumálum Bilddælinga í það horf, að hinni vinnandi stétt sé tryggð viðunandi afkoma, og feli ríkisstjórninni að láta framkvæma þær ráðstafanir, er sú athugun leiddi í ljós, að heppilegastar væru til viðreisnar atvinnulífinu á Bildudal.
3. Að þingið heimili ríkisstjórninni fjárveitingu til styrktar atvinnurekstri eða til atvinnurekstrar á Bildudal.

Það má taka fram þessu máli til stuðnings, að nú þegar hafa verið gerðar samþykktir hér á Bildudal um að skora á þing og stjórn að taka nú á þessu ári útgerðar- og atvinnumál hér á Bildudal í sínar hendur, svo sem með því að taka á leigu línuveiðaskip, er legðu afla sinn upp til verkunar hér á Bildudal á

yfirstandandi vertíð. Þar sem búast má við, að það mál sé ekki frambærilegt að þessu sinni, þar sem svo áliðið er orðið, verður í þess stað að gera þær kröfur, er að framan eru skráðar.

Hreppsnefndin hefir í samráði við stjórn verklyðsfélagsins „Vörn“ hér á Bildudal safnað skýrslum um atvinnutekjur verkafólks á Bildudal á síðastliðnu ári, og hefir það komið í ljós, að atvinnutekjur 82 karla og kvenna á sjó og landi hafa orðið samanlagt kr. 34024.00, þar af atvinna utan Bildudals kr. 6049.00, en á þessari upphæð á að framfæra 162 manns, kemur þá á hvern mann kr. 210.00.

Nú er það sýnilegt, að um slíkar tekjur getur ekki orðið að ræða á yfirstandandi ári, þar sem ekki er sýnilegt, að um neina útgerð verði að ræða hér, nema ef til vill á sildveiði við Norðurland. Er því knýjandi þörf fyrir, að hið opinbera láti þessi mál til sín taka og finni sér skylt að bæta úr því hörmunga-ástandi, sem nú er sýnilegt að vofir yfir.

Það skal einnig tekið fram, að hreppsfélaginu sem slíku er ómögulegt að ráða að neinu leyti bót á þessum atvinnuvandræðum, þar sem sýnilegt er, að hreppsfélagið getur ekki staðið undir sínum útgjöldum og verður þess vegna að sækja um þann hallærisstyrk, sem að framan getur.

Ég treysti því, að þér, hr. alþingismaður, leggið þetta mál fyrir þingið og beitið yður fyrir því við yðar flokksmenn á Alþingi, að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst.

Ásb. Júlíus Nikulásson,
oddviti Suðurfjarðahrepps.